




Óvissa um framtíð beingreiðslukerfisins í mjólkurframleiðslu

Markaður með greiðslumark í uppnámi


Frá árinu 2010 hefur tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur á vegum Matvælastofnunar verið eina leiðin fyrir einstök kúabú til að auka framleiðsluheimild sína. Eftir að Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) tilkynntu að greitt yrði fullt verð fyrir alla umframmjólk til ársins 2016 hafa viðskiptin umpólast. Gild kauptilboð hafa frá upphafi verið allt að fjórfalt fleiri en sölutilboð. Í ár hefur þetta snúist við og mun fleiri tilboð eru um sölu en kaup. Viðskiptum hefur jafnframt fækkað og verðið lækkað.



Heimild: Matvælastofnun

Hvernig er rétt að verðmeta greiðslumarkíð?

Í grunninn er greiðslumark í raun ígildi skuldabréfs á ríkissjóð, með 12 breytilegum mánaðarlegum greiðslum. Verðlagning þess ætti því að haldast í hendur við verðmat skuldabréfs og ávöxtunarkröfu bænda á greiðslumark. Síðustu viðskipti með greiðslumark áður en tilkynnt var um breytingu á greiðslum fyrir umframframleiðslu voru á jafnvægisverðinu 320 kr/ltr. Ef gert er ráð fyrir að núverandi beingreiðslur haldist óbreyttar um ókomna tíð og að bóndinn framleiði ávallt 95% af greiðslumarkí sínu þá jafngildir það 14,7% nafnávöxtunarkröfu á greiðslumark.




Heimild: Útreikningar Hagfræðideildar Landsbankans

Krafan hækkar í kjölfar umframmjólkurkaupa SAM

Í september síðastliðnum áttu sér stað viðskipti með greiðslumark á verðinu 180 kr/ltr. sem er mikil lækkun frá jafnvægisverðinu í síðasta útboði (260 kr/ltr.) sem haldið var í apríl.

Þessi verðbreyting jafngildir umtalsverðri breytingu ávöxtunarkröfunnar. 140 kr. lækkun jafnvægisverðs jafngildir því að ávöxtunarkrafan hafi hækkað um 13 prósentustig miðað við gefnar forsendur. Til þess að 180 kr/ltr. væri „rétt verð“ miðað við óbreytta kröfu (14,7%) og ríkisstyrki þyrfti beingreiðslukerfið alfarið að leggjast af árið 2020. Fá viðskipti og verðhrun á kvótamarkaði gætu þar með verið merki um aukna óvissu bænda um framtíð íslenska



Heimild: Útreikningar Hagfræðideildar Landsbankans



kerfisins. Núverandi búvörusamningar gilda til 31. desember 2016 og miðað við 14,7% ávöxtunarkröfu þá er uppsafnað virði beingreiðslna fram til þess tíma 86 kr/ltr.

Ávöxtunarkrafa		14,7%
Lokagjalddagi 1	Óendanl. Virði bréfs 1	320 kr.
Lokagjalddagi 2	1.1.2027 Virði bréfs 2	260 kr.
Lokagjalddagi 3	1.11.2020 Virði bréfs 3	180 kr.

Heimild: Útreikningar Hagfræðideildar Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.